Genie®
A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

GS™-1530/32
GS™-1930/32
GS™-2032
GS™-2632
GS™-3232
GS™-2046
GS™-2646
GS™-3246
GS™-4047

CE

með
viðhaldsupplýsingum

Þýðing á upprunalegum
leiðbeiningum
Ninth Edition
Third Printing
Part No. 1270101ISGT

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Efni

Inngangur 1
Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu 3
Almennt öryggi 5
Öryggi manna 7
Öryggi á vinnusvæði 8
Skýringartexti 16
Stjórntæki 19
Skoðanir 23
Notkunarleiðbeiningar 40
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 50
Viðhald 55
Tæknilýsing 57

Höfundarréttur © 1997 Terex Corporation

Níunda útgáfa: Þriðja prentun, janúar 2018

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa. „GS“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

Inngangur

Eigendur, notendur og stjórnendur:

Takk fyrir að velja okkar vél fyrir ykkar verk. Við leggjum höfuðáherslu á öryggi notenda og því verður best þjónað með samvinnu. Við álítum að þið leggið mikið af mörkum til öryggis ef þið, sem notendur og stjórnendur:

1 **Hlítið** reglum og lögum um starfsmenn og vinnusvæði.

2 **Lesið, skiljið og fylgið** leiðbeiningum í þessum og öðrum handbókum sem fylgja vélinni.

3 **Beitið öruggum starfsháttum** og hafið skynsemi að leiðarljósi.

4 **Látið aðeins starfsmenn með þjálfun/réttindi**,undir stjórn einstaklinga með viðeigandi kunnáttu og þekkingu, stjórna vélinni.



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Inngangur

Flokkun hættu

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn—notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.

⚠HÆTTA Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠AÐVÖRUN Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠VARÚÐ Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið minniháttar meiðslum.

TIL ATHUGUNAR Gefur til kynna eignatjón.









Ætluð notkun

Þessi vél er eingöngu ætluð til að lyfta starfsfólki ásamt verkfærum og efnum þess á vinnusvæði þar sem unnið er í lofthæð.









Viðhald öryggisskilta

Skiptu um horfin eða skemmd skilti. Hafðu öryggi stjórnenda vélarinnar í huga öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni sem byggjast á leysiefnum því þau geta skemmt öryggisskiltin.


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Lestu handbók fyrir stjórnanda tækisins	 Lestu þjónustuhandbókina	 Hætta á að kremjast	 Hætta á að kremjast	 Árekstrarhætta
 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á raflosti
 Hætta á raflosti	 Sprengihætta	 Eldhætta	 Hætta á bruna	 Hætta á stungu í húð
 Virkjaðu öryggisarm	 Haltu þig frá hlutum á hreyfingu	 Haltu þig frá stoðfótum og dekkjum	 Færðu vélina niður á slétta jörð	 Lokaðu hólfi á undirvagni
 Láttu pallinn síga	 Ekki setja upp þar sem ekki er hægt að slétta úr með stoðfótum	 Haltu þig í hæfilegri fjarlægð	 Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf	 Notaðu pappaspjald eða pappír til að leita eftir leka


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Rafgeymar notaðir sem mótvægi	 Skorðaðu hjólin	 Slepptu hemlunum	 Jarðtengdur AC 3-vír eingöngu	 Skiptu um skemmda víra og leiðslur.
 Hjólahleðsla	 Flutningsmynd	 Festu niður	 Tengistaður fyrir dragreipið	 Reykingar bannaðar.
 Vinnsluspenna á afli til pallsins	 Málþrýstingur fyrir loftlögn til pallsins	 Handafl	 Vindhraði	
 Hámarksburðargeta	 Utandyra	 Innanhúss		

Almennt öryggi



Almennt öryggi



Öryggi manna

Fallvörn

Ekki er krafist persónulegs fallvarnarbúnaðar þegar þessi vél er notuð. Ef vinnusvæði eða reglur atvinnurekanda krefjast slíks búnaðar skal eftirfarandi eiga við:

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Hlýddu öllum viðeigandi staðbundnum reglum varðandi fjarlægð frá rafspennulínum. Lágmarksfjarlægð er sýnd í töflunni hér að neðan og þeim fyrirmælum verður að fylgja í það minnsta.

Spenna línu	Áskilin fjarlægð
0 til 50 kV	3,05 m
50 til 200 kV	4,60 m
200 til 350 kV	6,10 m
350 til 500 kV	7,62 m
500 til 750 kV	10,67 m
750 til 1.000 kV	13,72 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.



Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Hætta á veltu

Farþegafjöldi, búnaður og efni mega ekki fara umfram hámarksburðargetu pallsins eða hámarksburðargetu framlengingarinnar á pallinum.

Hámarksburðargeta	
GS-1530 og GS-1532	272 kg
GS-1930 og GS-1932	227 kg
GS-2032	363 kg
GS-2632	227 kg
GS-3232	227 kg
GS-2046	544 kg
GS-2646	454 kg
GS-3246	318 kg
GS-4047	350 kg

Öryggi á vinnusvæði



Ekki lyfta pallinum nema vélin sé á traustu, láréttu undirlagi.



Ekki treysta á hallaaðvörunina sem stöðuvísi. Hallaaðvörunin hljómar eingöngu á pallinum þegar vélin er í miklum halla.

Ef hallaaðvörunin hljómar:
Láttu pallinn síga. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð. Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi skaltu lækka hann afar gætilega.

Aktu ekki á yfir 0,8 km/klst. með pallinn uppi.

Notkun utandyra: Ekki hífa pallinn þegar vindhraði kann að fara yfir 12,5 m/sek. Ef vindhraði fer yfir 12,5 m/sek. þegar pallurinn er á lofti skal láta hann síga og hætta notkun vélarinnar.

Notkun innanhúss: Þegar pallinum er lyft skaltu fylgja leiðbeiningum um leyfilegt afl á hliðarnar og fjölda farþega sem er að finna á næstu síðu.



Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er stækkað og það er berskjaldað fyrir vindi dregur það úr stöðugleika vélarinnar.



Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt undirlag, rusl, óstöðugt eða hált yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða við aðrar hættulegar aðstæður með pallinn hífðan.

Ekki nota vélina sem krana.

Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með pallinum.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með pallinum.

Ekki binda pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.

Ekki nota vélina með hólfin á undirvagninum opin.

Öryggi á vinnusvæði



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Leyfilegt hámarkshandafl – CE		
Gerð	**Handafl**	**Hámarksfjöldi farþega**
GS-1530	400 N	Notist aðeins innandyra – 2
GS-1532	400 N 200 N	Innanhúss – 2 Utandyra – 1
GS-1930	400 N	Notist aðeins innandyra – 2
GS-1932	400 N 200 N	Innanhúss – 2 Utandyra – 1
GS-2032	400 N 200 N	Innanhúss – 2 Utandyra – 1
GS-2632	400 N	Notist aðeins innandyra – 2
GS-3232	400 N	Notist aðeins innandyra – 2
GS-2046	400 N	Innanhúss / Utandyra – 2
GS-2646	400 N	Innanhúss / Utandyra – 2
GS-3246	400 N 200 N	Innanhúss – 2 Utandyra – 1
GS-4047	400 N	Notist aðeins innandyra – 3

Ekki breyta eða gera markrofana óvirka.

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum sem hafa aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki nota rafgeyma sem vega minna en upprunalegi búnaðurinn. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir fyrir stöðugleika vélarinnar. Hver geymir á að vega 29,5 kg. Rafgeymahólf með rafgeymum eiga að vega minnst 152 kg.

Hver rafgeymir í GS-4047 vél á að vega 37 kg. Rafgeymahólf með rafgeymum eiga að vega minnst 181 kg.

Ekki breyta loftvinnupallinum án skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Viðhengi til að halda verkfærum eða öðrum efnum við pallinn, gangbretti eða handriðakerfi geta aukið þyngd á pallinum og yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar.

Öryggi á vinnusvæði



Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki setja tröppur eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.

Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Gættu þess að öll dekk séu í góðu ástandi, að kastalarær séu tryggilega festar og klofsplitti séu rétt upp sett.

Ef vélin er með stoðfætur

Ekki stilla vélinni upp á yfirborði þar sem ekki er hægt gera hana lárétta með því að nota eingöngu stoðfæturna.

Ekki færa stoðfæturna á meðan pallurinn er hífður.

Ekki aka á meðan stoðfæturnir eru niðri.

⚠ Hætta á að kremjast

Haltu höndum og fótum frá krossörmum.

Ekki vinna undir pallinum eða við krossarmana án þess að öryggisarmurinn sé til staðar.

Notaðu heilbrigða skynsemi og skipulagningu þegar þú notar vélina með stjórntækin ofar jörðu. Viðhaltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hættur við notkun í brekkum

Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Málgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Gerð	Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða
GS-1530	30% (17°)	30% (17°)
GS-1532	30% (17°)	30% (17°)
GS-1930	25% (14°)	25% (14°)
GS-1932	25% (14°)	25% (14°)
GS-2032	30% (17°)	30% (17°)
GS-2632	25% (14°)	25% (14°)
GS-3232	25% (14°)	25% (14°)
GS-2046	30% (17°)	30% (17°)
GS-2646	30% (17°)	30% (17°)
GS-3246	25% (14°)	25% (14°)
GS-4047	25% (14°)	25% (14°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

⚠ Fallhætta

Handriðið veitir vörn gegn falli. Ef þess er krafist að starfsmenn á pallinum noti persónulegan fallvarnarbúnað vegna reglna vinnusvæðis eða atvinnurekanda skal fallvarnarbúnaðurinn og notkun hans vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda búnaðarins og viðeigandi kröfur hins opinbera. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.



Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.



Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.

Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.


Ekki fara upp á eða af pallinum nema þegar vélin er í frágenginni stöðu.

Festu aðgangskeðju pallsins eða lokaðu inngangshliðinu fyrir notkun.

Ekki nota vélina nema handrið pallsins séu almennilega uppsett og inngangurinn sé festur fyrir notkun.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Árekstrarhætta



Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindsvæðum þegar ekið er eða unnið.

Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð þegar vélin er hreyfð.

Vélin verður að vera á láréttu yfirborði eða fest áður en hemlarnir eru losaðir.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.



Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.



Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.

Fylgdu og notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og límmiðaplötunni á pallinum við aksturs- og stýringaraðgerðir.



Ekki láta pallinn síga nema svæðið undir honum sé laust við starfsfólk og fyrirstöður.



Takmarkaðu akstursrhraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þrengsli, halla, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Ekki nota vélina í slóð krana nema stjórntækjum kranans hafi verið læst og / eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélin er notuð.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og / eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Sprengihætta og eldhætta

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyminn á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem mögulega eru eldfimar lofttegundir eða efnisagnir.

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og þjónustuhandbók fyrir Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að handbók stjórnanda og öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluhólfinu á gálganum.

⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna




Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ekki hafa rafgeyma eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.

Hólfið ætti að vera opið allt hleðsluferlið.



Ekki snerta rafgeymaskautin eða kapalklemmurnar með verkfærum sem gætu valdið neistum.



Hætta vegna skemmda á íhlutum

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.

Hætta á raflosti / bruna.



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda 3-víra rafmagnsinnstungu.

Kannaðu daglega hvort skemmdir eru á snúrum, köplum og vírum. Endurnýjaðu skemmda hluti fyrir notkun.

Forðastu raflost vegna snertingar við rafgeymaskaut. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

Hætta á veltu

Ekki nota rafgeyma sem vega minna en upprunalegi búnaðurinn. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir fyrir stöðugleika vélarinnar. Hver rafgeymir á að vega 29,5 kg. Rafgeymishólf með rafgeymi á að vega minnst 152 kg. Í GS-4047 vélum á hver rafgeymir að vega 37 kg. Rafgeymishólf með rafgeymi verður að vega minnst 181 kg.

Lyftihætta

Notaðu réttan fjölda fólks og rétta tækni við að lyfta rafgeymunum.

Frágangur eftir hverja notkun

1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni – traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.


2 Láttu pallinn síga.

3 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.

4 Hladdu rafgeymana.

Skýringartexti


GS-1530
GS-1532
GS-1930
GS-1932



1 Hliðarhandrið pallsins
2 Tengistaður fyrir dragreipið
3 Stjórntæki palls
4 Geymsluílát handbókar
5 Framlenging á pallinum
6 Blikkandi ljós
7 Flutningsbinding
8 Stýridekk
9 Holuhlíf
10 Stjórntæki á jörðu niðri
11 Upplýsingar á LCD-skjá
12 Föst dekk
13 Áriðill (valbúnaður)
14 Hemilslosunarpumpa
15 Neyðarlækkunarhnúður
16 Uppgöngutrappa / flutningsfesting
17 Rafhleðslutæki (á rafgeymishlið vélarinnar)
18 Hallaaðvörun
19 Öryggisarmur
20 Loftlögn til pallsins (valbúnaðurl)
21 Sleppifetill fyrir framlengingu pallsins
22 Innstunga með lekaliða
23 Inngöngukeðja eða -hlið pallsins
24 Fótrofi (ef til staðar)

Skýringartexti


GS-2032
GS-2632
GS-3232



1 Hliðarhandrið pallsins
2 Tengistaður fyrir dragreipið
3 Sleppifetill fyrir framlengingu pallsins
4 Stjórntæki palls
5 Framlenging á pallinum
6 Geymsluílát handbókar
7 Flutningsbinding
8 Neyðarlækkunarhnúður
9 Blikkandi ljós
10 Stýridekk
11 Stoðfótur
12 Holuhlíf
13 Stjórntæki á jörðu niðri
14 Upplýsingar á LCD-skjá
15 Föst dekk
16 Hemilslosunarpumpa
17 Uppgöngutrappa / flutningsfesting
18 Rafhleðslutæki (á rafgeymishlið vélarinnar)
19 Hallaaðvörun
20 Áriðill (valbúnaður)
21 Öryggisarmur
22 Loftlögn til pallsins (valbúnaðurI)
23 Innstunga með lekaliða
24 Inngöngukeðja eða -hlið pallsins
25 Fótrofi (ef til staðar)


Skýringartexti

GS-2046
GS-2646
GS-3246
GS-4047



1 Tengistaður fyrir dragreipið
2 Hliðarhandrið pallsins
3 Sleppifetill fyrir framlengingu pallsins
4 Geymsluílát handbókar
5 Stjórntæki palls
6 Framlenging á pallinum
7 Flutningsbinding
8 Neyðarlækkunarhnúður
9 Blikkandi ljós
10 Stýridekk
11 Holuhlíf
12 Stjórntæki á jörðu niðri
13 Upplýsingar á LCD-skjá
14 Föst dekk
15 Hemilslosunarpumpa
16 Uppgöngutrappa / flutningsfesting
17 Rafhleðslutæki (á rafgeymishlið vélarinnar)
18 Hallaaðvörun
19 Áriðill (valbúnaður fyrir allar gerðir nema GS-4047)
20 Öryggisarmur
21 Loftlögn til pallsins (valbúnaðurl)
22 Innstunga með lekaliða
23 Inngöngukeðja eða -hlið pallsins
24 Fótrofi (ef til staðar)


Stjórntæki



Stjórnborð á jörðu niðri

1 Hnappur til að fara úr valmynd
2 Hnappur til að fara efst í valmynd
3 LCD-greiningarskjár
4 Hnappur til að fara niður valmynd
5 Hnappur til að fara inn í valmynd
6 Lykilrofi fyrir valið pallur / af / jörð
Snúið lyklinum í pallstöðu til að virkja stjórntæki á palli. Snúið lyklinum í off stöðu til að slökkva á vélinni. Snúið lyklinum í jarðstöðu til að virkja stjórntæki á jörðu niðri.
7 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.
8 7 A rofi fyrir rafrásir
9 Lækkunarhnappur pallsins
10 Virknihnappur fyrir lyftingu
Ýttu á og haltu inni þessum hnappi til að virkja lyftu.
11 Lyftihnappur pallsins

Stjórntæki




Stjórnborð palls

1 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.

2 Lyftuaðgerðahnappur

Haltu þessum hnappi niðri til að virkja lyftuaðgerðir.



3 Flautuhnappur

Ýttu á flautuhnappinn og flautan hljómar. Slepptu flautuhnappinum og flautan hljómar ekki.



4 Valhnappur fyrir ökuhraða

Ýttu á þennan hnapp til að virkja lághraðavirkni. Gaumljósið logar þegar lághraðaakstur er valinn.



Stjórntæki

5 Hlutfallslegur stýripinni og rofi til að virkja aðgerðir til að aka, stýra og lyfta og fyrir stoðfætur

Lyftuaðgerð: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja lyftuaðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin á stjórnborði pallsins sýnir til að lyfta pallinum. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin á stjórnborði pallsins sýnir til að lækka pallinn. Viðvörun um lækkun ætti að heyrast á meðan pallurinn lækkar.

Akstursaðgerðir: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja akstursaðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt.

Stoðfótaraðgerð: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja stoðfótaraðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir til að draga inn stoðfæturna. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir til að færa út stoðfæturna.

6 Þumalrofi fyrir stýringaraðgerð

Ýttu vinstra megin á þumalveltirofann og þá beygir vélin í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborði pallsins bendir í.




Ýttu hægra megin á þumalveltirofann og þá beygir vélin í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborði pallsins bendir í.



7 LED-greiningarskjár, vísir sem sýnir hleðslu rafgeymis og vísir sem sýnir lyftu- og aksturshám


8 Akstursaðgerðahnappur

Ýttu á þennan hnapp til að virkja akstursaðgerðir.




Stjórntæki

9 Gaumljós stoðfótar



Þegar stoðfætur dragast út blikka grænn ljós. Þegar hver stoðfótur snertir jörðu loga grænn ljós stöðugt. Í hvert sinn sem útdráttur stoðfótar er stöðvaður blikka grænn ljós sem gefur til kynna að stoðfæturnir snerti ekki jörðina eða að stoðfæturnir séu ekki að fullu útdregnir. Þegar stoðfótur dregst inn loga grænn ljós stöðugt. Þegar sérhver stoðfótur dregst inn að fullu slokknar á ljósunum. Rauð ljós loga sem gefur til kynna að viðkomandi stoðfótur sé við lok lyftu.

10 Stoðfótaraðgerðahnappur



Ýttu á þennan hnapp til að virkja stoðfótaraðgerðir.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðanir

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ❑ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá kaflann um límmiða.
- ❑ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu á olíu ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ❑ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu á eimuðu vatni ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Rafmagnsíhlutir, leiðslur og rafmagnskaplar
- ❑ Glussaslöngur, festingar, tjakkar og greinar
- ❑ Drifmótorar
- ❑ Slitpúðar
- ❑ Dekk og felgur
- ❑ Takmarkarofar, viðvörunarbjöllur og flauta
- ❑ Viðvörunarljós og snúningsljós (ef fylgir)
- ❑ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❑ Íhlutir handhemils
- ❑ Öryggisarmur
- ❑ Framlenging á pallinum
- ❑ Krossarmatengi og festingar
- ❑ Stýripinni pallastýringar
- ❑ Hásing og fótahlíf í stoðfæti (ef fylgir)
- ❑ Rafgeymir og tengi
- ❑ Jarðtengiól
- ❑ Inngöngukeðja eða -hlið pallsins
- ❑ Yfirhleðsluíhlutir pallsins
- ❑ Holuhlífar
- ❑ Tengistaður fyrir dragreipið

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar

- ❑ Gættu þess að allir íhlutir samsetningar og aðrir mikilvægir íhlutir séu til staðar og allar tengdar festingar og pinnar séu á sínum stað og rétt hert.
- ❑ Gættu þess að hliðarhandrið séu uppsett og boltar festir.
- ❑ Gættu þess að hólfin á undirvagninum séu lokuð og fest og rafgeymarnir rétt tengdir.

Ath.: Ef hækka þarf upp pallinn til að skoða vélina skaltu gæta þess að öryggisarmurinn sé til staðar. Sjá kaflann Notkunarleiðbeiningar.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófa aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðanir

Stjórntæki á jörðu niðri

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, lárétt og laust við hindranir.

2 Gættu þess að rafgeymarnir séu tengdir.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.

4 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.


5 Skoðaðu LED-aflesturinn sem birtist á stjórntækjum pallsins.

⊙ Niðurstaða: LED-skjárinn ætti að líta út eins og á myndinni hér fyrir neðan.



6 Skoðaðu upplýsingar á LCD-skjánum á stýringum á jörðu niðri.

⊙ Niðurstaða: LCD-skjárinn ætti að birta gerð og tímamæli.



Prófun neyðarstöðvunar

7 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

8 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Prófa upp/niður virkni

Bæði er notast við blikkandi ljós og hljóðmerki.

Lækkunarviðvörun: Ljós blikka og hljóðmerki heyrast 60 sinnum á mínútu.

Viðvörun um hlé á lækkun: Ljós blikka og hljóðmerki heyrast 180 sinnum á mínútu.

Holuhlífarnar ekki virkar: Ljós blikka og hljóðmerki heyrast 180 sinnum á mínútu.

Vélin er ekki lárétt: Ljós blikka og hljóðmerki heyrast 180 sinnum á mínútu.

Flauta: stöðugt blikk og hljóðmerki. Einnig er hægt að fá flautu sem minnir á bílflautu.

9 Ekki ýta á lyftuvirknihnappinn.

10 Ýttu á hnappinn pallur-upp eða pallur-niður.

⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.

11 Ekki ýta á hnappana pallur-upp eða pallur-niður.

12 Ýttu á lyftuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.

13 Ýttu og haltu inni lyftuhnappinum og ýttu á hnappinn pallur-upp.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp.

14 Ýttu og haltu inni lyftuhnappinum og ýttu á hnappinn pallur-niður.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Lækkunarviðvörunin ætti að blikka og hljóma á meðan pallurinn er að lækka.

Þegar pallurinn er lækkaður ætti hann að nema staðar um 2,1 m frá jörðu. Ljós blikka og hljóðmerki heyrist til viðvörunar um hlé á lækkun. Gakktu úr skugga um að hvorki séu hindranir né starfsfólk á svæðinu fyrir neðan pallinn. Slepptu stýripinnanum og hreyfðu hann svo aftur til að halda áfram að lækka.

Prófun á neyðarlækkun

15 Virkja upp-virkni með því að ýta á lyftuvirknirofa og hnappinn pallur-upp og lyfta pallinum u.þ.b. 60 cm.

16 **Fyrir gerðirnar GS-1530/32 og GS-1930/32**

Togaðu í neyðarlækkunarhnappinn fyrir aftan aðgangströppuna.

Fyrir gerðirnar GS-32, GS-46 og GS-47

Togaðu í neyðarlækkunarhnúðinn á þeirri hlið vélarinnar sem stjórntæki á jörðu niðri eru, við stýrisendann.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Öryggisbjallan mun ekki hljóma.

17 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

Við stjórntæki pallsins

Prófun neyðarstöðvunar

18 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Prófa flautuna

19 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

20 Ýttu á flautuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Flautan ætti að hljóma.

Prófa virkjunarrofann og upp/niður virkni

21 Ekki halda niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

22 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

23 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn.

24 Bíddu í sjö sekúndur eftir að stoðfótavirkjunin renni út.

Skoðanir

25 Færðu aksturssstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan aksturssstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.

26 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn.

27 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláa örin sýnir.

Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp. Holuhlífarnar ættu að blásast út.

28 Slepptu stýripinnanum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hætta að rísa.

29 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýripinnann hægt í áttina sem gula örin á stjórnborðinu sýnir.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

Prófa akstursaðgerðarhnapp

30 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

31 Bíddu í sjö sekúndur eftir að akstursvirkjunin renni út.

32 Færðu aksturssstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan aksturssstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Prófa stýringuna

Ath.: Þegar þú gerir virknipróf fyrir stýringu og akstur skaltu standa á pallinum gegnt stýrisenda vélarinnar.

33 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

34 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

35 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturstýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem blái þríhyrningurinn bendir í.

36 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á stýrishandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem guli þríhyrningurinn bendir í.

Skoðanir

Prófa akstur og hemlun

37 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

38 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

39 Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláa örin á stjórnborðinu vísar í þar til vélin fer að hreyfast og færðu þá pinnann aftur í miðjustöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin á að færast í þá átt sem bláa örin á stjórnborðinu vísar, síðan stöðvast snögglega þegar stjórnhandfanginu er snúið aftur í miðlæga stöðu.

40 Færðu stýripinnann hægt í áttina sem gula örin á stjórnborðinu vísar í þar til vélin fer að hreyfast og færðu þá pinnann aftur í miðjustöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin á að færast í þá átt sem gula örin á stjórnborðinu vísar, síðan stöðvast snögglega þegar stjórnhandfanginu er snúið aftur í miðlæga stöðu.

Ath.: Hemlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum halla sem hún getur ekið upp.

Prófa hallaskynjarann

Ath.: Framkvæmdu þetta próf frá jörðu með stýringu pallsins. Ekki standa á pallinum.

41 Láttu pallinn síga alveg niður.

42 Settu viðarbita undir bæði hjólin á annarri hliðinni og keyrðu vélina upp á þau.

43 Hífðu upp pallinn um 2,1 m frá jörðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að nema staðar. Hallaaðvörunin ætti að hljóma og ljósin blikka.LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna LL og LCD fyrir stjórntæki á jörðu niðri ætti að sýna LL: Machine Tilted (Vélin hallar).

44 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

45 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

46 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir og færðu svo stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Ökuvirkni ætti að virka í hvoruga átt.

47 Lækkaðu pallinn og fjarlægðu báða viðarbitana.

Skoðanir

Prófa aukinn ökuhraða

48 Lyftu pallinum í u.þ.b. 1,2 m hæð frá jörðu.

49 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

50 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu aksturssstýrihandfangið hægt í fulla aksturssstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hæsti mögulegi ökuhraði með pallinn á lofti ætti ekki að vera meiri en 22 cm/sek.

Ef ökuhraði með pallinn á lofti fer yfir 22 cm/sek. skaltu merkja vélina undir eins og taka hana úr notkun.

Prófa holuhlífar

Ath.: Holuhlífar eiga að blásast sjálfkrafa út þegar pallurinn lyftist. Holuhlífarnar virkja takmarkarofana sem gera vélinni kleift að ganga áfram. Ef holuhlífarnar blásast ekki út hljómar viðvörunarbjalla og vélin ekur hvorki né stýrir.

51 Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Þegar pallurinn er hífður upp 1,2 m frá jörðu ættu holuhlífarnar að blása út.

52 Ýttu á holuhlífarnar á annarri hliðinni og síðan á hinni.

⊙ Niðurstaða: Holuhlífarnar ættu ekki að hreyfast.

53 Láttu pallinn síga

⊙ Niðurstaða: Holuhlífar ættu að fara aftur í frágengna stöðu.

54 Settu viðarbita undir holuhlífina.

55 Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Áður en pallurinn er hífður upp 2,1 m frá jörðu ættu ljósin að blikka og hljóðmerki að heyrast. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna PHS og LCD-skjárinn á stjórntækjum á jörðu niðri að sýna PHS: Pothole Guard Stuck (Holuhlíf föst).

56 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

57 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

58 Færðu aksturssstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan aksturssstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti ekki að færast fram eða aftur.

59 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

60 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

61 Prýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturstýrihandfanginu í þá átt sem blái og guli þríhyrningurinn í stjórnborðinu benda í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu ekki að snúa til vinstri eða hægri.

62 Lækkaðu pallinn.

63 Fjarlægðu viðarbútinn.


Prófaðu virkni stoðfótar (GS-3232)

64 Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að lyftast 6,7 m og stöðvast.

65 Láttu pallinn síga alveg niður.

66 Ýttu á stoðfótaraðgerðahnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan stoðfótaraðgerðamerkið á LCD-skjánum.



Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á stoðfótaraðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan stoðfótaraðgerðamerkið og stóðfótaraðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á stoðfótaraðgerðahnappinn.

67 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

68 Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Stoðfætur ættu að dragast út. Einstök gaumljós stoðfótanna blikka í grænu þegar viðkomandi stoðfótur dregst út.

69 Haltu áfram að beina stýripinnanum í áttina sem gula örin sýnir þar til öll stoðfótarljós verða algræn og langur tónn heyrist í viðvörunarkerfi stjórntækjanna. Vélin er nú lárétt. Þegar hér er komið sögu hefur slökknað á aksturs- og stýringarvirkninni.

Ath.: Ef stýripinnanum eða fótrofanum (sé hann til staðar) er sleppt of snemma á meðan á aðgerðinni stendur eru stoðfótarljósin áfram græn og gefa þannig til kynna að stoðfæturnir nemi ekki við jörðu.

Ath.: Ef stýripinnanum eða fótrofanum (sé hann til staðar) er sleppt of skömmu eftir að stoðfæturnir nema við jörðu heyrist ekki langur tónn frá stjórntækjum pallsins og stoðfótarljósin eru algræn. Ef langur tónn heyrist ekki og stoðfótarljósin eru algræn gæti það bent til þess að stoðfæturnir séu ekki á sínum stað eða að vélin sé ekki lárétt.

70 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.

71 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

72 Færðu aksturssstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan aksturssstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti ekki að færast í áttina sem bláu og gulu örvarnar vísa til.

Skoðanir

73 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.

74 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

75 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturstýrihandfanginu í þá átt sem blái og guli þríhyrningurinn í stjórnborðinu benda í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem blái þríhyrningurinn og guli þríhyrningurinn benda í.

76 Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hækka upp í 9,8 m og stöðvast.

77 Láttu pallinn síga alveg niður.

78 Ýttu á stoðfótaraðgerðahnappinn.

79 Bíddu í sjö sekúndur eftir að stoðfótavirkjunin renni út.

80 Færðu aksturssstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan aksturssstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Stoðfætur ættu ekki að dragast inn.

81 Ýttu á stoðfótaraðgerðahnappinn.

82 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Stoðfætur ættu að dragast inn. Einstök gaumljós stoðfótanna loga stöðugt í grænum lit á meðan viðkomandi stoðfótur dregst inn.

83 Haltu stýripinnanum og fótrofanum (sé hann til staðar) áfram inni þar til stoðfæturnir hafa dregist inn að fullu. Slepptu stýripinnanum þegar slokknað hefur á öllum stoðfótarljósunum. Öll virkni hefur nú verið endurheimt.

Ath.: Ef stýrpinnanum eða fótrofanum (sé hann til staðar) er sleppt of snemma á meðan dregið er inn verða stoðfótarljósin græn til að sýna að stoðfæturnir séu ekki dregnir inn að fullu.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðanir


Límmiðaskoðun fyrir gerðirnar GS-1530, GS-1532, GS-1930 og GS-1932

Skoðaðu myndirnar á næstu síðu til að staðfesta að límmiðar séu læsilegir og á réttum stað.

Hér fyrir neðan er númeraður listi með magni og lýsingu.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
28174	Merkimiði – Rafmagn til palls 230 V	2
28235	Merkimiði – Rafmagn til palls 115 V	2
40434	Merkimiði – Festipunktur dragreipis	5
43618	Merkimiði – Bendiörvar	2
43658	Merkimiði – Rafmagn til hleðslutækis 230 V	1
44980	Merkimiði – Rafmagn til hleðslutækis 115 V	1
44981	Merkimiði – Loftleiðsla til palls, 110 PSI	2
52475	Merkimiði – Flutningsfesting	5
62053	Skreyting – Genie GS-1530	2
62054	Skreyting – Genie GS-1930	2
72086	Merkimiði – Lyftipunktur	4
72143	Merkimiði – Neyðarstöðvun	1
82287	Skreyting – Genie GS-1932	2
82473	Merkimiði – Hólf opnað	1
82474	Merkimiði – Notaðu öryggisskorðu	2
82476	Merkimiði – Hætta á raflosti	2
82481	Merkimiði – Öryggi rafgeymis / hleðslutækis	1
82482	Merkimiði – Neyðarlækkun	1
82487	Merkimiði – Lestu handbókina	2
82495	Merkimiði – Öryggishemill og Notkunarleiðbeiningar	1
82497	Merkimiði – Handafl, 200 N innanhúss / 400 N utandyra, GS-1532 & GS-1932	1
82560	Merkimiði – Hætta á innsprautun í húð	1
82562	Merkimiði – Hætta á að kremjast	4
82568	Skreyting – Genie GS-1532	2
82570	Merkimiði – Hjólhleðsla GS-1530 og GS-1532	4
82571	Merkimiði – Hjólhleðsla GS-1930 og GS-1932	4
97582	Merkimiði – Handafl, 400 N innanhúss, notist eingöngu innanhúss, GS-1530 og GS-1930	1
97719	Merkimiði – Öryggisarmur	1
114334	Merkimiði – Hætta á raflosti, tappi	1
114337	Merkimiði – Veltihætta, takmarkarofi	1
114338	Merkimiði – Veltihætta, hallaaðvörun	1
114361	Merkimiði – Flutningsmynd	2
114370	Merkimiði – Veltihætta, rafgeymar	1
114372	Merkimiði – Veltihætta, opin hólf	2
137605	Merkimiði – Neyðarstöðvun, pallstýring	1
137656	Merkimiði – Aksturs/stýringarátt, pall stýring	1
1256702	Yfirlögn – Pallstjórnborð	1
1257923	Merkimiði – Smartlink	2
1265361	Merkimiði – Vísir sem sýnir hleðslu rafhlöðu	1
T112804	Merkimiði – Stjórnborð á jörðu	1
T112807	Leiðbeiningar – Hámarksburðarþol 272 kg, GS-1530 og GS-1532	1
T112808	Leiðbeiningar – Hámarksburðarþol 227 kg, GS-1930 og GS-1932	1

Skoðanir


40434
1256702
1257923
114338
43618
82487
137605
137656
44981
40434
28174
eða 28235
T112807
eða T112808
82497
eða 97582
62053
eða 62054
eða 82568
eða 82287
43618
1257923
82562
97719
82562
82474
82476
Raðnúmeramerkimiði
82482
72086
114334
28174
eða 28235
43658
eða 44980
44981
52475
1265361
82570
eða 82571
114372
82487
72143
T112804
82473
82560
82570
eða 82571
52475
62053
eða 62054
eða 82568
eða 82287
82562
72086
114337
82570
eða 82571
82474
82495
82476
52475
114361
82570
eða 82571
114361
52475
72086
52475
114372
114370
82481

Skoðanir


Límmiðaskoðun fyrir gerðirnar GS-2032, GS-2632 og GS-3232

Skoðaðu myndirnar á næstu síðu til að staðfesta að límmiðar séu læsilegir og á réttum stað.

Hér fyrir neðan er númeraður listi með magni og lýsingu.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
28174	Merkimiði – Rafmagn til palls 230 V	2
28235	Merkimiði – Rafmagn til palls 115 V	2
40434	Merkimiði – Festipunktur dragreipis	3
43618	Merkimiði – Bendiörvar	2
43658	Merkimiði – Rafmagn til hleðslutækis 230 V	1
44980	Merkimiði – Rafmagn til hleðslutækis 115 V	1
44981	Merkimiði – Loftleiðsla til palls, 110 PSI	2
52475	Merkimiði – Flutningsfesting	3
62055	Skreyting – Genie GS-2032	2
72086	Merkimiði – Lyftipunktur	4
72143	Merkimiði – Neyðarstöðvun	1
72973	Skreyting – Genie GS-2632	2
82473	Merkimiði – Hólf opnað	1
82474	Merkimiði – Notaðu öryggisskorðu	2
82475	Merkimiði – Hætta á að kremjast, stoðfætur (aðeins GS-3232)	4
82476	Merkimiði – Hætta á raflosti	2
82481	Merkimiði – Öryggi rafgeymis / hleðslutækis	1
82482	Merkimiði – Neyðarlækkun	1
82487	Merkimiði – Lestu handbókina	2
82495	Merkimiði – Öryggishemill og Notkunarleiðbeiningar	1
82497	Merkimiði – Handafl, 200 N innanhúss / 400 N utandyra, GS-2032	1
82560	Merkimiði – Hætta á innsprautun í húð	1
82562	Merkimiði – Hætta á að kremjast	4
97582	Merkimiði – Handafl, 400 N innanhúss, notist eingöngu innanhúss, GS-2632 og GS-3232	1
97692	Merkimiði – Hleðsla hjóls GS-2032	4
97693	Merkimiði – Hleðsla hjóls GS-2632	4
97719	Merkimiði – Öryggisarmur	1
114324	Skreyting – Genie GS-3232	2
114334	Merkimiði – Hætta á raflosti, tappi	1
114337	Merkimiði – Veltihætta, takmarkarofi	1
114338	Merkimiði – Veltihætta, hallaaðvörun	1
114361	Merkimiði – Flutningsmynd	2
114362	Merkimiði – Hleðsla hjóls GS-3232	4
114370	Merkimiði – Veltihætta, rafgeymar	1
114371	Merkimiði – Öryggi stoðfótar (aðeins GS-3232)	1
114372	Merkimiði – Veltihætta, opin hólf	2
133531	Merkimiði – Hleðsla stoðfótar GS-3232	4
137605	Merkimiði – Neyðarstöðvun, pallstýring	1
137656	Merkimiði – Aksturs/stýringarátt, pall stýring	1
228936	Merkimiði – Hámarksburðarþol 363 kg, GS-2032	1
228937	Merkimiði – Hámarksburðarþol 227 kg, GS-2632 og GS-3232	1
1256702	Yfirlögn – Pallstjórnborð	1
1256704	Yfirlögn – Stjórnborð palls með stoðfótum	1
1257923	Merkimiði – Smartlink	2
1265361	Merkimiði – Vísir sem sýnir hleðslu rafhlöðu	1
T112804	Merkimiði – Stjórnborð á jörðu	1

Skoðanir


137605
40434
137656
1257923
1256702 eða
1256704
114338
114371
82487
43618
28174
eða 28235
40434
228936
eða 228937
82497
eða 97582
62055
eða 72973
eða 114324
43618
1257923
82562
97719
Raðnúmeramerkimiði
82474
82476
72143
72086
52475
28174
eða 28235
43658
eða 44980
114334
44981
1265361
97692
eða 97693
eða 114362
82475
133531
82487
114372
82473
T112804
82475
82560
133531
82482
97692
eða 97693
eða 114362
62055
eða 72973
eða 114324
44981
82562
97692
eða 97693
eða 114362
133531
82475
82474
52475
82495
114361
97692
eða 97693
eða 114362
133531
82475
72086
52475
72086
114370
82476
114361
114337
114372
82481

Skoðanir


Skoðun límmiða fyrir gerðirnar GS-2046, GS-2646, GS-3246 og GS-4047

Skoðaðu myndirnar á næstu síðu til að staðfesta að límmiðar séu læsilegir og á réttum stað.

Hér fyrir neðan er númeraður listi með magni og lýsingu.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
28174	Merkimiði – Rafmagn til palls 230 V	2
28235	Merkimiði – Rafmagn til palls 115 V	2
40434	Merkimiði – Festipunktur dragreipis	5
43618	Merkimiði – Bendiörvar	2
43658	Merkimiði – Rafmagn til hleðslutækis 230 V	1
44980	Merkimiði – Rafmagn til hleðslutækis 115 V	1
44981	Merkimiði – Loftleiðsla til palls, 110 PSI	2
52475	Merkimiði – Flutningsfesting	5
62056	Skreyting – Genie GS-2046	2
62057	Skreyting – Genie GS-2646	2
62058	Skreyting – Genie GS-3246	2
72086	Merkimiði – Lyftipunktur	4
72143	Merkimiði – Neyðarstöðvun	1
82473	Merkimiði – Hólf opnað	1
82474	Merkimiði – Notaðu öryggisskorðu	2
82476	Merkimiði – Hætta á raflosti	2
82481	Merkimiði – Öryggi rafgeymis / hleðslutækis	1
82482	Merkimiði – Neyðarlækkun	1
82487	Merkimiði – Lestu handbókina	2
82495	Merkimiði – Öryggishemill og Notkunarleiðbeiningar	1
82497	Merkimiði – Handafl, 200 N innanhúss / 400 N utandyra, GS-3246	1
82560	Merkimiði – Hætta á innsprautun í húð	1
82562	Merkimiði – Hætta á að kremjast	4
82703	Merkimiði – Hleðsla hjóls GS-2046	4
82704	Merkimiði – Hleðsla hjóls GS-2646	4
82705	Merkimiði – Hleðsla hjóls GS-3246	4
82905	Merkimiði – Handafl, 400 N, GS-2046 og GS-2646	1
97719	Merkimiði – Öryggisarmur	1
114334	Merkimiði – Hætta á raflosti, tappi	1
114337	Merkimiði – Veltihætta, takmarkarofi	1
114338	Merkimiði – Veltihætta, hallaaðvörun	1
114361	Merkimiði – Flutningsmynd	2
114370	Merkimiði – Veltihætta, rafgeymar, GS-2046, GS-2646 og GS-3246	1
114372	Merkimiði – Veltihætta, opin hólf	2
137605	Merkimiði – Neyðarstöðvun, pallstýring	1
137656	Merkimiði – Aksturs/stýringarátt, pall stýring	1
228938	Merkimiði – Hámarksburðarþol 544 kg, GS-2046	1
228939	Merkimiði – Hámarksburðarþol 454 kg, GS-2646	1
228940	Merkimiði – Hámarksburðarþol 318 kg, GS-3246	1
230620	Skreyting – Genie GS-4047	2
230755	Merkimiði – Hámarksburðarþol 350 kg, GS-4047	1
230756	Merkimiði – Handafl, 400 N innanhúss eingöngu, GS-4047	1
230757	Merkimiði – Veltihætta, rafgeymar, GS-4047	1
230758	Merkimiði – Hleðsla hjóls GS-4047	4
1256702	Yfirlögn – Pallstjórnborð	1
1257923	Merkimiði – Smartlink	2
1265361	Merkimiði – Vísir sem sýnir hleðslu rafhlöðu	1
T112804	Merkimiði – Stjórnborð á jörðu	1

Skoðanir


40434
1257923
114338
43618
1256702
82487
137605
137656
44981
28174
eða 28235
40434
228938
eða 228939
eða 228940
eða 230755
82497
eða 82905
eða 230756
62056
eða 62057
eða 62058
eða 230620
43618
1257923
62056
eða 62057
eða 62058
eða 230620
82562
97719
Raðnúmeramerkimiði
82474
82476
72143
72086
52475
28174
eða 28235
43658
eða 44980
114334
44981
1265361
82703
eða 82704
eða 82705
eða 230758
82562
82703
eða 82704
eða 82705
eða 230758
82474
82495
52475
114361
82703
eða 82704
eða 82705
eða 230758
82703
eða 82704
eða 82705
eða 230758
82487
82473
114372
T112804
82560
82482
72086
52475
72086
114370 eða
230757
82476
114361
114337
114372
82481

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Kaflinn Notkunarleiðbeiningar veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Neyðarstöðvun

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna á stjórntækjum á jörðu niðri og palli til að stöðva allar aðgerðir vélarinnar.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Neyðarlækkun

1 Togaðu í neyðarlækkunarhnúðinn til að láta pallinn síga.

Notkun frá jörðu

1 Vertu viss um að rafhlöðupakkinn sé tengdur áður en vélin er notuð.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

3 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

Að staðsetja pall

1 Ýttu og haltu inni lyftuhnappi á stjórnborðinu.

2 Ýttu á hnappinn pallur-upp eða pallur-niður.

Aksturs- og stýringaraðgerðir eru ekki tiltækar frá stjórntækjum á jörðu niðri.

Notkun frá palli

1 Vertu viss um að rafhlöðupakkinn sé tengdur áður en vélin er notuð.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

3 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

Til að staðsetja pall

1 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan lyftiaðgerðamerkið á LCD-skjánum.



Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á lyftuaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan lyftuaðgerðamerkið og lyftuaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á hnapp til að virkja lyftuaðgerðir.

2 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

3 Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.


4 Færðu stýripinnann í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.

Notkunarleiðbeiningar

Til að staðsetja stoðfætur (GS-3232 gerðir)

Til að framlengja stoðfætur:

1 Ýttu á stoðfótaraðgerðahnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan stoðfótaraðgerðamerkið á LCD-skjánum.



2 Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

3 Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir.

Stoðfæturnir byrja að færast út. Stoðfótarljósin verða algræn þegar viðkomandi stoðfótur nemur við jörð. Haltu áfram að færa stýripinnann þar til lyftuvirkjunarljósið verður grænt og tónn heyrist. Vélin er nú lárétt. Þegar lyftuvilluljósið verður rautt slokknar á aksturs- og upp/niður-virkninni. Lyftuvilluljósið verður rautt við eftirfarandi aðstæður:


- Pallinum er lyft í 6,7 m án þess að stoðfæturnir séu notaðir.
- Ekki nema allir stoðfætur við jörðu.
- Allir fjórir stoðfætur nema við jörðu en vélin er ekki lárétt.
- Villuboð.

Ath.: Ef ræsihnappi eða inndráttarhnappi er sleppt of snemma á meðan útdrætti stendur blikka gaumljós stoðfótanna áfram með grænum lit sem gefur til kynna að stoðfæturnir séu ekki að fullu útdregnir.

Ath.: Ef stoðfótaljósin loga stöðugt með grænum lit er vélin ekki á jafnsléttu eða stoðfæturnar ekki að fullu útdregnir ef ekki heyrist langt hljóðmerki frá stjórntækjum á palli.

Til að draga inn stoðfætur:

1 Ýttu á stoðfótaraðgerðahnappinn.



2 Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

3 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir.

Slepptu stýripinnanum þegar stoðfæturnir nema ekki lengur við jörðu. Eftir um 5 sekúndur slokknar á stoðfótarljósunum. Öll virkni hefur nú verið endurheimt.

Ath.: Ef ræsihnappi eða inndráttarhnappi er sleppt of snemma meðan á inndrætti stendur blikka gaumljós stoðfótanna með grænum lit sem gefur til kynna að stoðfæturnir séu ekki að fullu inndregnir.

Til að stýra

1 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan akstursaðgerðarhnappinn á LCD-skjánum.

Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á akstursaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan akstursaðgerðamerkið og akstursaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á akstursaðgerðahnappinn.

2 Ýttu á fótrofann og haltu honum inni (ef til staðar).

3 Snúðu stýrishjólunum með þumalveltirofanum sem staðsettur er ofan á akstursstýrihandfanginu.



Notkunarleiðbeiningar

Til að aka

1 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. Það kviknar á hring fyrir neðan akstursaðgerðarhnappinn á LCD-skjánum.

Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á akstursaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan akstursaðgerðamerkið og akstursaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á akstursaðgerðahnappinn.

2 Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

3 Auka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Minnka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt að miðjunni.

Stöðva: Færðu akstursstýrihandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Ferðahraði vélarinnar er takmarkaður þegar pallinum er lyft.

Ástand rafgeymis hefur áhrif á afköst vélar. Vélarhraði og virknihraði falla þegar gaumljós um lága hleðslu á rafgeymi blikkar.

Að velja ökuhraða

Ökustýringar geta virkað í tveimur hraðastillingum í frágenginni stöðu. Þegar kveikt er á ljósi ökuhraðahnappsins er lághraðastillingin í gangi. Þegar slökkt er á ljósi ökuhraðahnappsins er lághraðastillingin í gangi.

Ýttu akstursshraðahnappinum í þá stöðu sem óskað er.



Ath.: Þegar pallinum er lyft er ljósið á ökuhraðahnappinum alltaf kveikt og sýnir ökuhraða við lyftingu.

Notkunarleiðbeiningar

⚠ Ekið í brekku

Ákvarðaðu málgildi halla upp í móti, niður í móti og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða:



GS-1530, GS-1532, GS-2032, GS-2046 og GS-2646	30%	17°
GS-1930, GS-1932, GS-2632, GS-3232, GS-3246 og GS-4047	25%	14°

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða:



GS-1530, GS-1532, GS-2032, GS-2046 og GS-2646	30%	17°
GS-1930, GS-1932, GS-2632, GS-3232, GS-3246 og GS-4047	25%	14°

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi á jörðu og viðeigandi gripi.

Ýttu akstursbraðahnappinum í hraðakstursstöðu.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EÐA notaðu eftirfarandi verklag.

Þú þarft:

- hallamál
- beinan viðarbút, að minnsta kosti 1 m á lengd
- málband


Leggðu viðarbútinn í brekkuna.

Leggðu hallamálið ofan á lægri enda viðarbútsins og lyftu honum þar til viðarbúturinn er láréttur.

Mælið vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og honum er haldið láréttum.

Deildu í málbandsmælinguna (hæð) með lengd viðarbútsins (lengd) og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 3,6 m

Lengd = 3,6 m

Hæð = 0,3 m

0,3 m ÷ 3,6 m = 0,083 x 100 = 8,3% halli

Ef brekkan er umfram hámarksmálgildi fyrir halla upp eða niður eða hliðarhalla, þá verður að draga vélina á spili eða flytja hana upp eða niður brekkuna. Sjá kaflann Flutningur og lyfting.


Notkunarleiðbeiningar

Virknikóði

Ef upplýsingar á LED-skjá stjórntækja á palli eða LCD-skjá stjórntækja á jörðu niðri sýna virknikóða eins og LL, þarfnast vélin viðgerðar áður en hún er notuð aftur. Ýttu inn og togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn til að endurstilla kerfið.



Upplýsingar á LED-skjá



Upplýsingar á LCD-skjá

Virknikóði	
Kóði	**Ástand**
LL	Slökkt
OL	Yfirhleðsla á palli
CH	Stilling undirvagns
PHS	Holuhlíf föst
Nd	Ekkert drif (valbúnaður)
Ld	Lyfting óvirk (aðeins GS-3232)

Frekari upplýsingar má finna í viðeigandi þjónustuhandbók Genie. Kóða og lýsingu á kóða má einnig skoða á LCD-skjá stjórntækja á jörðu niðri.


Pallur ofhlaðinn

Ef LED greiningarskjár á stjórntækjum palls sýnir blikkandi OL og LCD greiningarskjár á stjórntækjum á jörðu niðri sýnir OL: Platform Overloaded (Pallur ofhlaðinn), er pallurinn ofhlaðinn og engar aðgerðir virka. Viðvörunarhljóð heyrist.

1 Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum í off stöðu.

2 Minnkaðu þyngdina á pallinum.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.



Upplýsingar á LED-skjá



Upplýsingar á LCD-skjá

Þegar pallurinn er hækkaður eða lækkaður fer fram sjálfvirk könnun nálægt hámarkshæð. Vélin kann að stöðvast og viðvörunarhljóð að heyrast. Ef vélin er ekki ofhlaðin heldur venjuleg notkun áfram.

Ofhleðsluviðrétting

Ef LCD-greiningarskjár á jörðu niðri sýnir Overload Recovery (ofhleðsluviðréttingu) var neyðarlækkunarkerfið notað á meðan pallurinn var ofhlaðinn. Frekari upplýsingar um hvernig skal endurstilla þessi skilaboð má finna í viðeigandi þjónustuhandbók Genie.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun með stýringu frá jörðu

Viðhaltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

Vertu meðvitaður/meðvituð um í hvaða átt vélin fer þegar stýringin er notuð.

Vísir sem sýnir stöðu rafgeymis

Notaðu upplýsingarnar á LED-skjánum til að ákvarða hleðsluna á rafgeyminum.

Ath.: Þegar blikkandi LO kóði birtist á LED greiningarskjá stjórntækja á palli verður að taka vélina úr notkun og hlaða hana, því annars hætta allar aðgerðir hennar að virka.



Full hleðsla



Hálf hleðsla



Lítil hleðsla



LO blikkar

Notkunarleiðbeiningar

Hvernig nota á öryggisarminn

1 Hífðu upp pallinn um 2,4 m frá jörðu.

2 Snúðu öryggisarminum frá vélinni og láttu hann hanga niður.

3 Lækkaðu pallinn þar til öryggisarmurinn hvílir tryggilega á hlekknum. Haltu þig í öruggri fjarlægð frá öryggisarminum þegar þú lækkar pallinn.

Hvernig fella á saman inngönguhlið

GS-1530, GS-1532, GS-1930, GS-1932, GS-2032, GS-2632 og GS-3232 (ef til staðar)

Handriðin á pallinum samanstanda af einum samanfellanlegum handriðshluta fyrir framlengingarborðið og öðrum fyrir aðalborðið. Öllum handriðum er haldið saman með fjórum vírláspinnum.

1 Lækkaðu pallinn alveg niður og dragðu inn framlenginguna á pallinum.

2 Fjarlægðu pallstýringarnar.

⚠ Fallhætta. Farðu varlega og haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins á meðan þú leggur handriðið niður.

3 Innan frá pallinum skaltu fjarlægja aftari láspinna fyrir framlengingarborðið.

⚠ Haltu höndum frá klemmistöðum.

4 Frá miðhluta handriðsins fyrir framlengingarborðið skaltu fella saman handriðið í átt að afturenda pallsins.

5 Aftan á aðalborðinu skaltu fjarlægja láspinnana tvo fyrir aðalborðið.

⚠ Haltu höndum frá klemmistöðum.

6 Frá miðhluta pallsins skaltu fella saman handrið aðalborðsins í átt að framenda pallsins.

7 Taktu láspinnann úr hliðslánni. Lyftu hliðslánni, gakktu í gegn, settu hliðslána niður og settu láspinnann á sinn stað.

8 Opnaðu hliðið varlega og farðu af pallinum.

9 Settu láspinnanna fjóra aftur á báðar festingar á hliðarhandriðinu.

Ath.: Til að auðvelda fjarlægingu og skiptingu á vírláspinnum skaltu toga eða ýta aftan á handriðið til að þrýsta saman gúmmístuðurunum.

Notkunarleiðbeiningar

GS-2046, GS-2646, GS-3246 og GS-4047

Handriðin á pallinum samanstanda af þremur samanfellanlegum handriðahlutum fyrir framlengingarborðið og þremur fyrir aðalborðið. Öllum handriðum er haldið saman með fjórum vírláspinnum.

1 Lækkaðu pallinn alveg niður og dragðu inn framlenginguna á pallinum.

2 Fjarlægðu pallstýringarnar.

3 Innan frá pallinum skaltu fjarlægja tvo vírláspinnana að framan.

4 Felldu saman öll framhandriðin. Haltu höndum frá klemmistöðum.

5 Skiptu um pinnana tvo sem hafa verið fjarlægðir baka til á hvorri hlið handriðsins.

6 Felldu saman hvorn hliðarhandriðahluta fyrir sig. Haltu höndum frá klemmistöðum.

7 Aftan á aðalborðinu skaltu fjarlægja vírláspinnana tvo.

8 Opnaðu hliðið varlega og færðu niður að jörðu.

9 Felldu saman afturhliðið og inngönguhliðarhandriðin í eina einingu. Haltu höndum frá klemmistöðum.

10 Felldu saman vinstri og hægri hliðarhandrið. Haltu höndum frá klemmistöðum.

11 Skiptu um pinnana tvo sem hafa verið fjarlægðir baka til á hvorri hlið handriðsins.

Hvernig hífa á upp handrið

Fylgdu leiðbeiningum um niðurfellingu en í öfugri röð og gættu þess að allir láspinnar séu á sínum stað og rétt uppsettir.

Eftir hverja notkun

1 Veldu öruggan stað til að leggja vélinni—trausta jafnsléttu, lausa við hindranir og umferð.

2 Lækkaðu pallinn.

3 Snúðu lyklinum í off-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að tryggja að vélin sé ekki notuð í leyfisleysi.

4 Hladdu rafgeymana.

Notkunarleiðbeiningar



Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki

Virtu og hlýddu:

☑ Ekki nota utanaðkomandi hleðslutæki eða startgeymi.

☑ Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.

☑ Notaðu rétta spennu fyrir hleðslu eins og tilgreint er á hleðslutækinu.

☑ Notaðu aðeins rafgeymi og hleðslutæki sem Genie hefur viðurkennt.

Til að hlaða rafgeymi

1 Vertu viss um að rafgeymarnir séu tengdir áður en þeir eru hlaðnir.

2 Opnaðu rafgeymahólfið. Hólfið ætti að vera opið allt hleðsluferlið.

Viðhaldslausir rafgeymar

1 Tengdu hleðslutækið við jarðtengda riðstraumsrafrás.

2 Hleðslutækið gefur til kynna hvenær rafgeymirinn er fullhlaðinn.

Venjulegir rafgeymar

1 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum og athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar. Ef þörf krefur skal bæta aðeins því magni af eimuðu vatni á sem þarf til að þekja plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðsluferlið.

2 Settu öndunarlokin aftur á rafgeyminn.

3 Tengdu hleðslutækið við jarðtengda riðstraumsrafrás.

4 Hleðslutækið gefur til kynna hvenær rafgeymirinn er fullhlaðinn.

5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu á nýjan leik með eimuðu vatni að enda áfyllingarslöngunnar. Ekki yfirfylla.

Leiðbeiningar um fyllingu og hleðslu þurrgeymis

1 Fjarlægðu öndunarlok rafgeymisins og fjarlægðu plastinnsiglið varanlega af öndunargötum rafgeymisins.

2 Fylltu hvert hólf með rafgeymasýru (raflausn) þar til hæðin er nægileg til að hylja plöturnar.

Ekki fylla upp að hámarksstöðu fyrr en hleðsluferli rafgeymisins er lokið. Yfirfylling getur valdið því að rafgeymasýra flæðir upp úr meðan á hleðslu stendur. Gerðu rafgeymasýru sem hellst hefur niður óvirka með natróni og vatni.

3 Settu öndunarlok rafgeymisins á.

4 Hladdu rafgeyminn.

5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu á nýjan leik með eimuðu vatni að enda áfyllingarslöngunnar. Ekki yfirfylla.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Virtu og hlýddu:

☑ Genie mælir með því að farið sé eftir þessum festingarleiðbeiningum. Ökumenn bera alla ábyrgð á að ganga úr skugga um að vélar séu tryggilega festar og að réttur tengivagn sé valinn í samræmi við reglur samgönguyfirvalda, aðrar staðbundnar reglur og verklag fyrirtækis þeirra.

☑ Viðskiptavinir Genie sem þurfa setja einhverja lyftu eða vöru frá Genie í gám ættu að leita til hæfs flutningsmiðlara með sérþekkingu á tilbúningi, hleðslu og festingu lyftingarbúnaðar fyrir alþjóðlega vöruflutninga.

☑ Eingöngu hæfir loftlyftustjórnendur mega flytja vélina af ökutækinu.

☑ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.

☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.

☑ Vertu viss um að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie-lyftur eru hlutfallslega þungar miðað við stærð. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.

☑ Vélin verður að vera á láréttu yfirborði eða fest áður en hemlarnir eru losaðir.

☑ Ekki láta handriðin falla þegar smellipinnar eru fjarlægðir. Haltu föstu taki á handriðunum þegar þau eru látin síga.

☑ Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Sjá Ekið í brekku í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.

☑ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarksmálgildi varðandi halla upp eða niður í móti verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Losað um hemil

1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.



2 Vertu viss um að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.

3 Ýttu inn svarta öryggishemlinum til að opna bremsuventilinn.



4 Pumpaðu rauða handhemilshnúðinn.

Eftir að vélin hefur verið fermd:

1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

2 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna á stjórntækjum á jörðu niðri og á palli.

3 Ýttu og haltu inni rofanum fyrir akstur/stýringu á stjórnhandfanginu. Færðu stýrishandfangið frá miðjunni og slepptu því strax til að endurstilla hemlana.

4 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjum pallsins í af-stöðuna.

Dráttur á Genie GS-1530, GS-1532, GS-1930, GS-1932, GS-2032, GS-2632, GS-3232, GS-2046, GS-2646, GS-3246 og GS-4047 er ekki ráðlagður. Ef það verður að draga vélina má það ekki vera á meiri hraða en 3,2 km/klst.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Notaðu alltaf framlengingalæsinguna þegar vélin er flutt.


Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.


Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.


Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 2 keðjur eða ólar.


Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.







GS-1530 GS-1930
GS-1532 GS-1932



GS-2032 GS-2046
GS-2632 GS-2646
GS-3232 GS-3246
GS-4047

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Virtu og hlýddu:

☑ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa og lyfta vélinni.

☑ Eingöngu hæfir lyftarastjórnendur mega lyfta vélinni með gaffallyftara.


☑ Vertu viss um að burðargeta kranans, fermingarflata og óla eða tauga sé nægileg til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.

Vélinni lyft með gaffallyftara

Gættu þess að framlengingarborðið, stýringar og hólf séu tryggilega fest. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.

Láttu pallinn síga alveg niður. Pallurinn verður að síga við alla hleðslu og flutninga.

Notaðu gaffalvasana sem staðsettir eru á hliðum vélarinnar.



Settu gafflana inn í gaffalvasana.

Aktu áfram eins langt og gafflarnir ná.

Hífðu vélina upp í 0,4 m hæð og hallaðu síðan göfflunum lítið eitt aftur svo vélin sé örugg.

Gættu þess að vélin sé lárétt þegar gafflarnir síga.

TIL ATHUGUNAR Íhlutir geta skemmst ef vélinni er lyft upp frá hlið.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Lyftuleiðbeiningar

Láttu pallinn síga alveg niður. Gættu þess að framlengingarborðið, stýringar og hólf séu tryggilega fest. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.


Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð töflunnar og myndarinnar á þessari síðu.


Festu lyftibúnaðinn aðeins við afmarkaða lyftipunkta á vélinni. Tvö 2,5 cm göt eru framan á vélinni og tvö göt í tröppunni fyrir hífingu.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.

Tafla yfir þyngdarmiðju

Gerð	X-ás	Y-ás
GS-1530	49,8 cm	47,2 cm
GS-1532	49,8 cm	47,2 cm
GS-1930	50,8 cm	49,5 cm
GS-1932	50,8 cm	49,5 cm
GS-2032	80,9 cm	53,9 cm
GS-2632	82,2 cm	59,3 cm
GS-3232	78,7 cm	67,3 cm
GS-2046	82,7 cm	56,8 cm
GS-2646	88,2 cm	56,4 cm
GS-3246	83,7 cm	59,9 cm
GS-4047	85,8 cm	51,5 cm





Viðhald



Athugaðu og fylgdu:

☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

☑ Farga skal efni í samræmi við opinberar reglugerðir.

☑ Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Skýringartexti viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum við þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.

Athuga stöðu glussa



Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Gættu þess að vélin sé á traustu og jöfnu yfirborði sem er laust við hindranir, á meðan pallurinn er í frágenginni stöðu.

2 Skoðaðu olíustöðuna í glussatankinum.

⊙ Niðurstaða: Glussastaðan ætti að vera milli merkjanna ADD (bæta við) og FULL (fullur) á glussatankinum.

3 Bættu á olíu ef þörf er á. Ekki yfirfylla.

Tæknilýsing glussa	
Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi

Viðhald

Athuga rafgeymana



Gott ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

Ath.: Ekki þarf að framkvæma þetta verklag á vélum með innsiglaða eða viðhaldsfría rafgeyma.

⚠ Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ath.: Framkvæmdu þetta próf eftir að hafa fullhlaðið rafgeymana.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífar.

2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.

3 Gættu þess að rafgeymafestingarnar séu til staðar og traustar.

Ath.: Ef bætt er við pólhlífum og ryðvörn kemur það í veg fyrir ryð á rafgeymapólum og köplum.

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Tæknilýsing

Gerð	GS-1530 og GS-1532
Hámarks vinnuhæð	6,57 m
Hæð, hámark fyrir pall	4,57 m
Hæð, hámark frágenginn	206 cm
Hæð, hámark, frágengið	97 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd GS-1530 GS-1532	 76 cm 81 cm
Lengd, frágenginn	183 cm
Lengd, framlengdur pallur	272 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	164 x 75 cm
Hámarksburðargeta	272 kg
Hámarksvindhraði GS-1530 GS-1532	 0 m/s 12,5 m/s
Hjólhaf	132 cm
Snúningsgeisli (ytri)	155 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	6,1 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	1,9 cm
Þyngd GS-1530 GS-1532	 1.257 kg 1.269 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	12 x 4,5 x 8"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	4,0 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,5 m/55 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-1530	
Hámarksþungi á dekki	546 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	9,40 kg/cm^2 921 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.216 kg / m^2 11,92 kPa
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-1532	
Hámarksþungi á dekki	547 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	9,43 kg/cm^2 924 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.142 kg/m^2 11,2 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	
Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.	

Tæknilýsing

Gerð	GS-1930
Hámarks vinnuhæð	7,79 m
Hæð, hámark fyrir pall	5,79 m
Hæð, hámark frágenginn	210 cm
Hæð, hámark, frágengið	100 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	76 cm
Lengd, frágenginn	183 cm
Lengd, framlengdur pallur	272 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	164 x 75 cm
Hámarksburðargeta	227 kg
Hámarksvindhraði	0 m/s
Hjólhaf	132 cm
Snúningsgeisli (ytri)	155 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	6,1 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	1,9 cm
Þyngd	1.476 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	12 x 4,5 x 8"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	4,0 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,5 m/55 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-1930	
Hámarksþungi á dekki	600 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	10,35 kg/cm^2 1.014 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.391 kg/m^2 13,65 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-1932
Hámarks vinnuhæð	7,79 m
Hæð, hámark fyrir pall	5,79 m
Hæð, hámark frágenginn	210 cm
Hæð, hámark, frágengið	100 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	81 cm
Lengd, frágenginn	183 cm
Lengd, framlengdur pallur	272 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	164 x 75 cm
Hámarksburðargeta	227 kg
Hámarksvindhraði	12,5 m/s
Hjólhaf	132 cm
Snúningsgeisli (ytri)	155 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	6,1 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	1,9 cm
Þyngd	1.503 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	12 x 4,5 x 8"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	4,0 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,5 m/55 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-1932	
Hámarksþungi á dekki	600 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	10,35 kg/cm^2 1.014 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.313 kg/m^2 12,88 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-2032
Hámarks vinnuhæð	7,92 m
Hæð, hámark fyrir pall	5,92 m
Hæð, hámark frágenginn	212 cm
Hæð, hámark, frágengið	103 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	81 cm
Lengd, frágenginn	244 cm
Lengd, framlengdur pallur	333 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	226 x 81 cm
Hámarksburðargeta	363 kg
Hámarksvindhraði Innanhúss Utandyra	 0 m/s 12,5 m/s
Hjólhaf	185 cm
Snúningsgeisli (ytri)	212 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	8,9 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	2,2 cm
Þyngd	2.012 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	15 x 5 x 11,25"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	3,2 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,2 m/54 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-2032	
Hámarksþungi á dekki	802 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	8,29 kg/cm^2 813 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.306 kg/m^2 12,84 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-2632
Hámarks vinnuhæð	9,93 m
Hæð, hámark fyrir pall	7,93 m
Hæð, hámark frágenginn	225 cm
Hæð, hámark, frágengið	116 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	81 cm
Lengd, frágenginn	244 cm
Lengd, framlengdur pallur	333 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	226 x 81 cm
Hámarksburðargeta	227 kg
Hámarksvindhraði	0 m/s
Hjólhaf	185 cm
Snúningsgeisli (ytri)	212 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	8,9 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	2,2 cm
Þyngd	1.959 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	15 x 5 x 11,25"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	3,2 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,2 m/54 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-2632	
Hámarksþungi á dekki	830 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	8,58 kg/cm^2 841 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.203 kg/m^2 11,80 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-3232
Hámarks vinnuhæð	11,75 m
Hæð, akstur	9,75 m
Hæð, hámark fyrir pall	9,5 m
Hæð, pallur sem aka má	6,7 m
Hæð, hámark frágenginn	238 cm
Hæð, hámark, frágengið	129 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	81 cm
Lengd, frágenginn	244 cm
Lengd, framlengdur pallur	333 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	226 x 81 cm
Hámarksburðargeta	227 kg
Hámarksvindhraði	0 m/s
Hjólhaf	185 cm
Snúningsgeisli (ytri)	212 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	8,9 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	2,2 cm
Þyngd	2.352 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	15 x 5 x 11,25"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	3,2 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,2 m/54 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-3232	
Hámarksþungi á dekki	771 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	7,98 kg/cm^2 781 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.420 kg/m^2 13,92 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-2046
Hámarks vinnuhæð	8,1 m
Hæð, hámark fyrir pall	6,1 m
Hæð, hámark frágenginn	213 cm
Hæð, hámark, frágengið	104 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið felld saman	156 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	116 cm
Lengd, frágenginn	244 cm
Lengd, framlengdur pallur	333 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	226 x 116 cm
Hámarksburðargeta	544 kg
Hámarksvindhraði Innanhúss Utandyra	 0 m/s 12,5 m/s
Hjólhaf	185 cm
Snúningsgeisli (ytri)	229 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	9,5 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	1,9 cm
Þyngd	1.945 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	15 x 5 x 11,25"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	3,2 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,2 m/54 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-2046	
Hámarksþungi á dekki	964 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	9,97 kg/cm^2 977 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	953 kg/m^2 9,35 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-2646
Hámarks vinnuhæð	9,77 m
Hæð, hámark fyrir pall	7,77 m
Hæð, hámark frágenginn	225 cm
Hæð, hámark, frágengið	116 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið felld saman	168 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	116 cm
Lengd, frágenginn	244 cm
Lengd, framlengdur pallur	333 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	226 x 116 cm
Hámarksburðargeta	454 kg
Hámarksvindhraði Innanhúss Utandyra	 0 m/s 12,5 m/s
Hjólhaf	185 cm
Snúningsgeisli (ytri)	229 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	9,5 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	1,9 cm
Þyngd	2.412 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	15 x 5 x 11,25"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	30% (17°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	3,2 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,2 m/54 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-2646	
Hámarksþungi á dekki	1.136 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	11,75 kg/cm^2 1.152 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.097 kg/m^2 10,76 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-3246
Hámarks vinnuhæð	11,75 m
Hæð, hámark fyrir pall	9,75 m
Hæð, hámark frágenginn	238 cm
Hæð, hámark, frágengið	129 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið felld saman	181 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	116 cm
Lengd, frágenginn	244 cm
Lengd, framlengdur pallur	333 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	226 x 116 cm
Hámarksburðargeta	318 kg
Hámarksvindhraði Innanhúss Utandyra	 0 m/s 12,5 m/s
Hjólhaf	185 cm
Snúningsgeisli (ytri)	229 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	9,5 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	1,9 cm
Þyngd	2.781 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 6 V 225 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	15 x 5 x 11,25"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	3,2 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12,2 m/54 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-3246	
Hámarksþungi á dekki	1.183 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	12,24 kg/cm^2 1.199 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.186 kg/m^2 11,63 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð	GS-4047
Hámarks vinnuhæð	13,7 m
Hæð, hámark fyrir pall	11,7 m
Hæð, hámark frágenginn	254 cm
Hæð, hámark, frágengið	143 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið felld saman	195 cm
Hæð, inngangshlið	109 cm
Breidd	119 cm
Lengd, frágenginn	248 cm
Lengd, framlengdur pallur	338 cm
Lengd framlengingar palls	89 cm
Mál palls (lengd x breidd)	226 x 116 cm
Hámarksburðargeta	350 kg
Hámarksvindhraði	0 m/s
Hjólhaf	185 cm
Snúningsgeisli (ytri)	231 cm
Snúningsgeisli (innri)	0 cm
Hæð frá jörðu	9,5 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	1,9 cm
Þyngd	3.221 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)	
Aflgjafi	4 rafgeymar, 12 V 150 AH
Spenna kerfis	24 V
Riðstraumsúttak á palli	Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	241 bar
Dekkjastærð	15 x 5 x 11,25"
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Notkunarhiti	
Lágmark	-29°C
Hámark	66°C
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	25% (14°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Ökuhraði	
Í frágangsstöðu, hámark	3,2 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,8 km/klst. 12 m/71 sek
Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-4047	
Hámarksþungi á dekki	1.289 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	13,33 kg/cm^2 1.306 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.338 kg/m^2 13,12 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Dreift af:

www.genielift.com